

þvílíkt. Þeim finst það geri þá að minni mönnum. Og hafi þeir orðið að gera ýmislegt af þessu tægi, þá vilja þeir, þegar þeir eru orðnir „menn“ út af lífinu gleyma því. Og ef nokkur minnst á það, eða minnir þá á það, verða þeir vondir. Þeim finst það skömm fyrir sig, að nokkur skuli hugsa um þá—aðra eins menn!—í sambandi við önnur eins verk. En sú heimska!

Það er engin minkunn að því að gera neitt nema það, sem er ljótt og syndsamlegt. Allir, sem ant er um sóma sinn, ættu að skammast sín fyrir það.

Og hver sá, sem ekki er ant um sóma sinn, er enginn maður.

Við ættum að skammast okkar fyrir ljótt og syndsamlegt orðbragð, fyrir að skrökva að náunga okkar eða svíkja hann, fyrir að lifa eða hafa lifað í drykkjuskap eða öðrum ólífnaði, fyrir að stunda eða hafa stundað þá iðn, sem leiðir aðra út í spilling og eynd, eins og t.d. *vinsala*, fyrir að hafa eða hafa haft ljótt fyrir öðrum og með því komið þeim til þess, sem ilt er. Fyrir alt *slíkt* ættum við að skammast okkar, ef við viljum vera menn.

En það er líka annað, sem minkunn er að. Það er minkunn að því að gera illa verk sitt. Hvað lítilfjörleggt sem það er, þá eigum við að gera það vel. Það er sómi fyrir okkur. En ef við gerum það illa, þá er það okkur til minkunnar.

Það voru einu sinni tveir lögmenn, sem voru keppinautar hvor annars. Annar þeirra öfundaði hinn fyrir það, að honum gekk betur. Og einu sinni ætlaði hann sér að sverta hann í augum fólks með því að segja við hann í áheyrn fjölda manns: „Ertu búinn að gleyma því, að þú svertir skóna hans föður míns?“—„Nei. Eg man það“—svaraði hinn rólega án þess að láta sér þykja nokkur minkunn að því að vera mintur á þetta. „En eg veit, að eg gerði það *vel*“—bætti hann við. Og það, sem átti að rýra álit hans, varð til þess að auka það.

Þörnin mín! Hvað sem þið gerið, þá gerið það vel. Og látið ykkur ekki þykja minkunn að neinu, nema því, sem er ljótt, ilt og *syndsamlegt*. Það gerir ykkur æfinlega að *minni mönnum*. Og látið ykkur vera ant um *sóma* ykkar. Það gera allir þeir, sem vilja vera *menn*.

—o—

SUNNUDAGSSKÓLAÞING á að halda í Winnipeg þriðjud. 12. Febrúar eftir hádegi og um kvöldið. Er þá niður sett fargja'd með járnbrautum (hin svo kallaða *bonspiel*-vika). Margir koma þá til Winnipeg sér til skemtunar. Ættu sunnu-